

# Hvernig ætti lútherska kirkjan í Þýskalandi að mennta sitt æskulýðsstarfsfólk?

## - Hugmyndir æskulýðsfulltrúa!

Pétur Björgvin Þorsteinsson,  
djákni og Evrópufræðingur (MA).

Erindi flutt á hugmyndavinnudegi ÆNK  
um nám fyrir starfsfólk kirkjunnar til  
þjónustu í barna- og unglíngastarfi.

20. apríl 2010 í Víðistaðakirkju.

# EKD: „Regnhlífasamtök” 22 kirkna

- 11 skólar í lýðháskólaformi / biblíuskólaformi (EQF ekki skilgreint)
  - 18 skólar á framhaldsskólastigi (EQF 5)
  - 12 skólar á háskólastigi (EQF 6)
- 
- Þegar að opinberri viðurkenningu á menntun æskulýðsfulltrúar kemur eru menntamálaráðuneyti hvers fylkis/lands helsti samstarfsaðili hverrar kirkju fyrir sig, samræmingarvinna þróast hægt þrátt fyrir Bologna og Brugge-Kaupmannahafnar ferlin
- 
- Sjálfstæði stóru æskulýðssambandanna mikið innan fylkja/landa sem í Þýskalandi öllu



Gleráirkirkja 2010

# Þekking, leikni og hæfni æskulýðsfultrúa!

- Hver er þekking, leikni og hæfni sérfræðinga í æskulýðsstarfi? Hvað ættu þeir að kunna? Hvað læra þeir í náminu? Hvað læra þeir í starfinu?
- Er æskulýðsstarf áhugaverður þáttur í náminu? Hvaða þekkingu, leikni og hæfni þarf maður að tileinka sér til að æskulýðsstarfið gangi vel?
- Hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem starfa í barna- og unglingastarfi? Hvaða afleiðingar ættu þær kröfur að hafa fyrir námið?


- Hess/Ilg/Weingardt. (2004): Kompetenzprofile – Was Professionelle in der Jugendarbeit können sollen und wie sie es lernen.



EJW – Tarn 1997

# Markmið rannsóknarinnar

- Safna þekkingu sem nýst geti þeim aðilum sem bjóða upp á nám í safnaðaruppeldisfræði og æskulýðsstarfi, um hvað þau sem starfa í æskulýðsstarfi greina sem nauðsynlega og mikilvæga færniþætti í starfi sínu sem fagfólk í æskulýðsstarfi
- Koma með tillögur um þýðingu niðurstaðna rannsóknarinnar á símenntun sem og gæðastjórnun í evangelísku æskulýðsstarfi í Württemberg
- Rannsóknin náði til 149 æskulýðsfulltrúa og 51 yfirmanna æskulýðsfulltrúa



EJW – Cote d'Ázur 98

# 17 mikilvægustu þættirnir

1. Félagsfærni/
2. Persónugerð/
3. Færni í boðun/
4. Leiðtogafærni/
5. Stjórnunar- og skipulagshæfni/
6. Markhópamiðun og starfsaðferðir/
7. Lögfræði/
8. Félags- og þjóðfélagsfræði/
9. Boðleiðir og bókhald/
10. Félagsumhverfi ungs fólks/
11. Grunnþættir guðfræði///
12. Samskipti við önnur trúarbrögð/
13. Félagsráðgjöf/
14. Borgaraleg þátttaka/
15. Þróun æskulýðsstarfs/
16. Díakonía og ungt fólk/
17. Íþróttir, tónlist og listir.



# Félagsfærnin mikilvægust


- Að geta unnið með öðrum / verið hluti af teymi
- Að axla ábyrgð, bæði á fólki og hlutum
- Að vera trúverðugur og traustsins verður
- Að geta sett sig í spor annarra/aðrar aðstæður
- Að vera uppnuminn og smita aðra af ákafanum
- Að geta falið öðrum verkefni og treyst þeim
- Að geta tekið gagnrýni á eigin persónu og nýtt hana
- Að geta deilt um skoðanir og aðferðir og fundið lausn
- Að geta byggt upp trúnaðarsambönd
- Að geta gagnrýnt aðra á uppbyggilegan hátt
- Að geta brugðist við aðstæðum með snöggum hætti
- Að geta stýrt samtali í hóp eða stjórnað umræðum
- Að geta geta miðlað í málum tveggja eða fleiri aðila



We're human, right? '10


# Persónugerðin og boðunin

- Persónugerð, það er hvernig þú hefur þjálfað þína framkomu og viðbrögð, er í öðru sæti: Sjálfstæð vinnubrögð / orð og gerðir séu í takt / mikið álagspól / að láta ekki deigan síga þegar á móti blæs / sjálfsgagnrýni / langur þolinmóður og staðfesta í að berjast fyrir þeirri sýn sem maður hefur/ frumkvöðlahugsun/ að geta gengið í ýmiss hlutverk.
- Færni í boðun, er í þriðja sæti. Hér er átt við þekkingu, leikni og hæfni í boðun, það að geta notað mismundi aðferðir í boðun, þekkja guðspjónustuformið og geta skipulagt út frá því mismunandi guðspjónustur og notað skapandi aðferðir við boðunina.




# Að vera leiðtogi og ná til hópa

- 4. Leiðtogafærni: Að geta komið málum á framfæri til yfirmanna og starfsmanna, að hafa yfirsýn, geta greint vandamál og breytt skipulagi í framhaldinu, tekið ákvarðanir, kynnt stefnumál og fært fyrir þeim rök.
- 5. Stjórnunar- og skipulagshæfni: Tímastjórnun, gerð skammtíma- og langtímaáætlana, skýrslugerð, skrifstofuhald og gæðastjórnun.
- 6. Markhópamiðun og starfsaðferðir: Efling sjálfboðins starfs, hópastarf, ferðalög, upplifun, átaksverkefni, miða aðferðir við aldurshópa, kyn, búsetu, ... í kirkju, félagsmiðstöðvum, úti á götu



# Þekking á kerfi og samfélagi

- 7. Lögfræði: Lög sem varða það að bera ábyrgð á barna- og unglingshópum, vera á faraldsfæti með þeim, lög sem varða afbrot barna- og unglings, lög sem varða félagsstarf og félagasamtök.
- 8. Félags- og þjóðfélagsfræði: Praktísk, vettvangstengd uppeldisfræði, praktísk vettvangstengd sálfræði, einnig almenn uppeldisfræði, sálfræði og þjóðfélagsfræði.
- 9. Boðleiðir og bókhald: Þekking á skrifstofustörfum, umsóknarferlum og styrkjakerfum, fjármögnun verkefna, áætlanagerð, reglugerðir og fyrirmæli um bókhald



# Fólkið, guðfræðin og trúin

- 10. Félagsumhverfi ungs fólks: Áhættur og áskoranir í umhverfi ungs fólks, (fjölskyldu) aðstæður ungs fólks í dag, nærhópar og klíkur, list- og tónlistarmenning ungs fólks og lífsstíll.
- 11. Grunnþættir guðfræði: NT, siðfræði, sálgæsla, ritskýringar, trúarlífsuppeldisfræði og -kennslufræði, predikunarfræði, kenningarfræði, litúrgía og trúarlíf.
- 12. Samskipti við önnur trúarbrögð: Þekking á helstu atriðum varðandi stóru trúarbrögðin og þekking og færni er varðar þvertrúarleg samskipti



# Að þekkja aðstæður og bregðast við þeim, þróa leiðir og tæki

- 13. Félagráðgjöf: Þekking á helstu greiningum (ADHD...), kunnátta varðandi ofbeldi unglunga og forvarnarstarf þ.a.l., þekking á þjónustuneti er þetta varðar, þekking á mansali og ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislegu ofbeldi og forvarnastarfi þ.a.l., fíknir og forvarnastarf, lög um félagsþjónustu og fjármálaráðgjöf.
- 14. Borgaraleg þátttaka: Ungmennalýðræði, ungmennastarf og hverfisbundið starf/lýðræði
- 15. Þróun æskulýðsstarfs almennt, í skólum, í fermingarfræðslu, sunnudagaskóla, kirkjuskóla, TTT-starfi, unglingastarfi, sumarþúðum ...



# Og að lokum ...

- 16. Díakonía og ungt fólk: Guðfræði díakoníunnar, fötlunarfræði, starfsaðferðir fyrir starf sem er öllum opið (óháð fötlun, uppruna ...), starfsaðferðir fyrir starf með ungu fólki sem býr við sérstakar áskoranir (fátækt, flóttafólk, ...),
- 17. Íþróttir, tónlist og listir: Leikjafræði, tónlist, íþróttir, fönður, að vinna með hljómsveitir, leiklist og vinna með kórum.
- Takk fyrir.
- Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni og Evrópufræðingur (MA), [petur@klerarkirkja.is](mailto:petur@klerarkirkja.is)

